

Fóðurnæpa (*Brassica rapa var. rapifera*)

Enska; Turnip, danska; Majroe, norska; Nepe, sænska; Majrova

Tegundalýsing og kjörlendur

Fóðurnæpa er vetrareinær breytileg káltegund sem myndar stóra forðarót að hluta til ofanjarðar á fyrsta ári. Á öðru ári vex upp úr forðarótinni hávaxinn blómstöngull. Næpan er með hvítan forðavef en ytri litur getur verið hvítur, gulur, grænn og/eða fjólublár. Forfaðir næpunnar er akurkál (*Brassica campestris*) sem er illgresi í Vestur-Evrópu. Til eru tvær ræktaðar undirtegundir, næpa og nepja (*var. oleifera*) sem myndar ekki forðarót. Fjarskyldari ættingi, gulrófan (*Brassica napus var. napobrassica*) er ræktuð hér á landi til manneidis og fóðurgulrófur hafa verið ræktaðar hér í tilraunaskyni.



Næpa vex eingöngu í ræktunarlandi þar sem henni er sáð.

Nýting, uppskeruvæntingar og fóðrunarvirði

Fóðurnæpan er lítið ræktuð hér á landi þrátt fyrir að hún hefur gefið metuppskeru í grænófóðurtilraunum eða yfir 10 þurrrefnistonn af ha. Hún hefur mjög hátt fóðurgildi en nýting er oft vandkvæðum bundin. Hún er fyrst og fremst nýtt til haustbeitar fyrir kýr og sauðfé en það þarf tíma til að kenna þeim að éta næpuna. Þegar komið er yfir þann þröskuld eru skepnur mjög sólgnar í næpuna. Nýtanleg uppskera skiptist á milli blaðvaxtarins og næpunnar og sem er algeng á bilinu 4 – 6 þurrrefnistonn af ha. Hlutfall blaða og næpu er mjög breytilegt sem fer eftir yrkjum og sáðmagni. Algengt er að næpunni sé blandað við vetrar- eða sumarrepju í ræktun og er þá talið að með því megi draga úr kálfluguskemmdum á næpunni og arfavexti. Næpan er mjög viðkvæm fyrir kálflugu og arfa. Takist hins vegar vel til gefur næpan mikla og ódýra uppskeru.



Næpa í sumarrepju

Ræktunarleiðbeiningar

Fóðurnæpan vex best í myrur- eða moldríkum arfalausum móajarðvegi. Hún þolir illa sandríkan jarðveg. Best er að sá henni í nýbrotið tún. Plæging er mikilvæg en þar sem næpan er eingöngu fyrir beit má jarðvinnslan vera að öðru leiti gróf áður en sáð er. Upplýsingar um yrki er að finna í "Nytjaplöntur á Íslandi" (vefrit LbhÍ og BÍ). Þúsundkorna þyngd næpu er um 2 g og ráðlagt sáðmagn er 1 – 2 kg á ha. Æskileg sáðdýpt er 1-2 cm og sáðtími er í maí. Stjórna má stærð næpunnar með sáðmagni. Sáning næpu er vandasöm og mikilvægt að hún sé jöfn. Best er að dreifsá á yfirborðið um leið og borið er á. Næpan þarf mikinn áburð og niðurplægða mykju nýtir hún sérlega vel. Upplýsingar um heppilega áburðarskammta fyrir grænófóður má slá upp í Handbók bænda en mikilvægt er að bera vel á af fosfór ef næpan er ræktuð í nýbrotnu túni.

